

Nd.

44. Frumvarp

til laga um breytingar á lögum nr. 59 frá 14. júní 1929, um kosningar í mál-
efnum sveita og kaupstaða.

Flutningsm.: Finnur Jónsson.

1. gr.

Á eftir orðunum „4. hvert ár á öllum bæjarfulltrúum og varafulltrúum“
í 6. gr. laganna komi: sbr. þó 32. gr.

2. gr.

Á eftir 31. gr. komi ný grein, er verði 32. gr., svo hljóðandi:

Nú hefir í kaupstað, þar sem kosinn er bæjarstjóri, eigi náðst meiri hluti
bæjarfulltrúa fyrir kosningu bæjarstjóra, þannig að bæjarstjóri sé í andstöðu
við meiri hluta bæjarstjórnar, og getur atvinnumálaráðherra þá ákveðið, að bæj-
arstjórnarkosningar skuli fram fara á ný fyrir þann tíma, sem eftir er af hinu
reglulega kjörtímabili bæjarstjórnar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Verði bæjarstjóri í kaupstað eigi kosinn meirihlutakosningu og komist
þannig í andstöðu við bæjarstjórnina, er hætt við, að málum kaupstaðarins sé
eigi svo vel borgið sem skyldi, enda er það í fullu samræmi við þingræði og lýð-
ræði, að þess sé krafizt, að bæjarstjóri hafi stuðning meiri hluta bæjarstjórnar.

Nánar í framsögu.